

## Grenilundur Grenivík

### Ágæti aðstandandi

Heimsóknir hafa verið leyfðar inn á Grenilundi frá 4. maí með ákveðnum takmörkunum. Þó mikið hafi áunnist í baráttunni gegn COVID-19 erum við ekki komin í höfn og sýna þarf ítrustu varkárni og virða sóttvarnaráðstafanir í heimsóknum. Nú ætlum við að taka skref fram á við og opna heimilið meira. Enn er talið nauðsynlegt að takmarka fjölda sem þeirra sem koma inn og því biðjum við ykkur að koma bara eitt í einu. Heimsóknir eru nú **leyfðar einu sinni á dag** af einum ættingja í einu eldri en 14 ára. Það mega sem sagt fleiri koma en bara einn á dag.

### Vinsamlega kynnið ykkur vel eftirfarandi heimsóknarreglur:

1. Ekki panta heimsóknartíma og alls ekki koma í heimsókn ef:
  - a. Þú ert í sóttkví
  - b. Þú ert í einangrun eða að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku
  - c. Þú hefur verið í einangrun og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
  - d. Þú ert með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
2. Heimsóknartími er eftir samkomulagi við starfsfólk Grenilundar
3. Hafið samband í síma 464-8400 Heimild til heimsókna, einu sinni á dag frá 18. maí 2020. Ef vel gengur í baráttunni við veiruna, verður tíðni heimsókna aukin. Strax í næstu viku er stefnan tekin á að yngri en 14 ára verði þá velkomin
4. Við hvetjum ykkur til að hlaða niður í símana ykkar smitrakningnarappi almannavarna Rakning C-19
5. Hinkrið eftir starfsmanni á tilgreindum inngöngustað hann fylgir ykkur til íbúa. Munið að þvo og/eða spritta hendur áður en heimsókn hefst og að henni lokinni. Ekki koma við neitt í almannarýmum, farið beint inn til íbúa og beint út aftur.
6. Athugið að heimsóknin er til ættingja þíns, staldrið ekki við til að ræða við aðra íbúa, ættingja eða starfsfólk.
7. 2ja metra reglan er ekki lengur í gildi og endilega knúsið ykkar ættingja vel og vandlega 😊.

Hægt er að hafa samband við Fjólu s 863-8414 helst á milli 8 og 16 ef eitthvað er óljóst eða til fá nánari upplýsingar, einnig er hægt að senda tölvupóst í [grenilundur@grenivik.is](mailto:grenilundur@grenivik.is)

Með ósk um gleðilegt sumar  
Starfsfólk Grenilundar

**ATHUGIÐ: Ef smit vegna COVID-19 aukast aftur, eða smit vegna annarra smitsjúkdóma, munu tilslakanir á heimsóknarbanni ganga til baka og reglur verða hertar á ný.**